

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2000

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 232. mál. Um er að ræða álagningu eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2001.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja sérstaklega vekja athygli nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd á álit samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins sem fylgir frumvarpinu. Eins og fram kemur í álitinu skilaði samráðsnefndin óformlegum ábendingum til Fjármálaeftirlitsins, hinn 1. september s.l., varðandi ýmsa þætti í rekstraráætlun stofnunarinnar. Við gerð þeirrar rekstraráætlunar fyrir næsta ár, sem nú birtist í frumvarpinu, hefur Fjármálaeftirlitið hins vegar aðeins tekið lítið tillit til ábendinga samráðsnefndarinnar. Álit samráðsnefndarinnar fylgir því frumvarpinu og taka Landssamtök lífeyrissjóða undir öll þau megin atriði, sem þar koma fram.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Nýtt heimilisfang og símanúmer: Sætún 1 – 105 Reykjavík. Sími 5636450 og fax 5636401